

## Svar

### mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um fósturbörn.

1. *Hversu mörg börn hafa verið sett í fóstur að meðaltali árlega undanfarin tíu ár? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort um tímabundið eða varanlegt fóstur var að ræða, eftir aldri barnsins þegar það var sett í fóstur og eftir því hve lengi hvert barn var í fóstri, einnig eftir því hvort barnið var sett í fóstur á vistheimili, hjá fjölskyldumeðlimum eða óskyldum.*

Hver barnaverndarnefnd heldur utan um fjölda barna í fóstri á hverjum tíma. Árlega skila nefndir inn upplýsingum til Barna- og fjölskyldustofu um fjölda barna á sínum vegum við lok árs. Í 65. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, segir að fóstur geti verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Um tímalengd fósturs segir í sömu grein: „Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum [...] Með tímabundnu fóstri er átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum þess eða þegar áætlað er að annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma. Tímabundið fóstur skal ekki vara samanlagt lengur en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns.“

Samantekt þessi tekur til árána 2010–2020 en upplýsingar fyrir árið 2021, sem safnað er frá barnaverndarþjónustum, liggja ekki fyrir.

Á árunum 2010–2020 var 120 börnum ráðstafað í fóstur að meðaltali á hverju ári eða á bilinu 97–154, eftir árum. Þeim börnum var ráðstafað í tímabundið fóstur, varanlegt fóstur, styrkt fóstur eða tímabundnu fóstri breytt í varanlegt.

Barn getur verið í fóstri hjá fjölskyldumeðlimum jafnt sem óskyldum. Barn getur ekki verið í fóstri á vistheimili. Ef barn er vistað á vistheimili er sú ráðstöfun byggð á öðrum laga-grundvelli en ráðstöfun barna í fóstur.

Á árunum 2010–2020 var 73 börnum ráðstafað í tímabundið fóstur að meðaltali á ári. Af þeim börnum sem ráðstafað var í tímabundið fóstur var 71% barna ráðstafað til óskyldra. Hæsta hlutfallið á tímabilinu var þegar 82% barna var ráðstafað til óskyldra (68 til óskyldra en 15 til skyldra), en lægsta hlutfallið á tímabilinu var 60% (50 til óskyldra en 34 til skyldra).

Ef litið er til sama tímabils, 2010–2020, var 16 börnum ráðstafað í varanlegt fóstur að meðaltali á ári en eftaldr eru með ráðstafanir þar sem tímabundnu fóstri er breytt í varanlegt þá var 40 börnum ráðstafað í varanlegt fóstur að meðaltali á ári. Ef litið er til allra ráðstafana í varanlegt fóstur (börn sem fara úr tímabundnu fóstri í varanlegt meðtalin), fóru að meðaltali 59% barna til óskyldra. Þetta hlutfall er mjög breytilegt á milli ára en eitt árið var 88% barna ráðstafað til óskyldra (29 til óskyldra en 4 til skyldra) og annað árið var 41% barna ráðstafað til óskyldra (15 til óskyldra en 22 til skyldra). Flestum börnum er fyrst ráðstafað í tímabundið fóstur áður en þau fara í varanlegt fóstur.

Meðalaldur barna sem fóru í tímabundið fóstur á tímabilinu 2010–2020 var 10 ár en tíðasta gildi (flestar börn) var 16 ár. Aldur barnanna var frá 0 til 18 ára en miðað er við aldur barns í lok þess árs sem því var ráðstafað í fóstur.

Meðalaldur barna sem fóru í varanlegt fóstur á tímabilinu 2010–2020 var 11 ár en tíðasta gildi (flestar börn) var 15 ár. Aldur barnanna var frá 0 til 18 ára en miðað er við aldur barns í lok þess árs sem því var ráðstafað í fóstur.

Ekki er unnt að svara 1. tölul. fyrirspurnar eftir því hve lengi börnin voru í fóstri að meðaltali. Áætluð tímalengd fósturs er tilkynnt til Barna- og fjölskyldustofu en þær upplýsingar eru óáreiðanlegur mælikvarði á hve lengi fóstrið varði í raun og veru. Fóstur getur breyst frá tímabundnu fóstri í varanlegt, tímabundið fóstur getur verið framlengt og þá getur einnig hafa orðið fósturrof og barni ráðstafað í annað fóstur. Hver barnaverndarnefnd fyrir sig býr yfir nákvæmari upplýsingum um tímalengd fósturs.

2. *Hversu mörg fósturrof hafa átt sér stað undanfarin tíu ár? Svar óskast sundurliðað eftir því hve lengi fóstur hafði staðið yfir og aldri barna þegar fósturrof átti sér stað.*

Barna- og fjölskyldustofa býr yfir upplýsingum um fósturrof frá árinu 2012. Í svari við 2. tölul. fyrirspurnar er miðað við tímabilið 2012–2020.

Á árunum 2012–2020 urðu samtals 93 fósturrof í tímabundnu fóstri og 78 fósturrof í varanlegu fóstri. Að meðaltali voru því 10,3 fósturrof í tímabundnu fóstri og 8,7 í varanlegu fóstri á ári á tímabilinu.

Meðaldvalartími barns í tímabundnu fóstri, fyrir fósturrof, var 201 dagur en upplýsingar um nákvæmar dagsetningar vantar í 4% tilvika. Meðaldvalartími barns í varanlegu fóstri, fyrir fósturrof, var 1.432 dagar en upplýsingar um nákvæmar dagsetningar vantar í 8% tilvika.

Meðalaldur barna þar sem fósturrof varð í tímabundnu fóstri var 13,9 ár. Meðalaldur barna þar sem fósturrof varð í varanlegu fóstri var 14,6 ár, en aldur barna var frá 4 til 18 ára. Í báðum tilvikum er miðað við aldur barns í lok þess árs sem fósturrof átti sér stað.

3. *Telur ráðherra að stuðningur opinberra aðila við fósturfjölskyldur sé nægjanlegur í núverandi kerfi?*

Í gildandi framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir árin 2019–2022 eru aðgerðir sem snúa að auknum stuðningi vegna barna á fósturheimilum og auknum stuðningi við fósturforeldra. Barna- og fjölskyldustofa hefur á árinu unnið að áætlun varðandi aðstoð við fósturforeldra með börn í styrktu fóstri og markvissari stuðning og handleiðslu við fósturforeldra.

Barna- og fjölskyldustofa og ráðuneytið telja mikilvægt að styðja við fósturforeldra sem eru með börn í varanlegu fóstri þar sem yfirvofandi er fósturrof vegna hegðunarerfiðleika barnanna. Nú þegar drög eru lögð að nýrri framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir árin 2023–2026 mun ráðherra hvetja til þess að sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir til stuðnings við börn í fóstri og fósturforeldra.